

Hengilssvæðið er sannkölluð paradís göngufólks, aðeins 20 mínútna akstur frá borginni, einstaklega aðgengilegt með yfir 150 km stikaðra leiða. Upplýsingar og frábært göngukort má nálgast í Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun eða hjá Orkuveitunni. Fjölbreytni er með ólíkindum og hægt að velja sér leiðir allt frá 2 klst. upp í 2 daga, stuttar, langar, fræðandi eða brattar, allt eftir því hvernig við erum upplögð. Á öllum þessum leiðum eru margir áhugaverðir aukakrókar utan merktra leiða. Í ferðum okkar ber að gæta þess að gróður er viðkvæmur, stígum því varlega til jarðar. Góður siður er að hafa meðferðis lítinn poka fyrir rusl í hann má einnig stinga því sem finnst á förnum vegi.

Á öllu svæðinu er gott GSM samband, 2 góðir skálar opnir öllum, leiðir greinilegar og vel stikaðar. Veður getur breyst snögglega, þoka getur skolið á fyrirvaralaust sérstaklega ofar í Hengli. Kort, áttavita, og jafnvel GPS tæki skal ætíð hafa meðferðis í fjallaferðum. Stikur eru litaðar samkvæmt skilgreiningu á göngukorti OR, GPS punktar eru á kortinu.

Vatn getur verið af skörnum skammti sérstaklega síðla sumars, á efri leiðum er nánast ekkert vatn að finna. Á einstaka stöðum gæti reynt á lofthræðslu göngufólks, einstigi sem feta þarf, brattar skriður eða háar hamrabrúnir, þetta á við Svartar leiðir (Merking á göngukorti) . Enginn ætti að þvinga sig eða aðra til að fara leið sem vekur ótta, enda einfalt að snúa við og ganga sömu leið til baka. Hafið í huga að oft er auðveldara er að fara upp í miklum bratta, en erfiðara að halda niður. Góður göngustafur kemur að góðum notum í öllum gönguferðum sem hjálpartæki.

Erfiðleikastig gönguleiða.

1. Mjög létt á jafnsléttu, stutt leið.
2. Fremur létt, flestir ráða við, bratti lítill en getur verið löng.
3. Erfið, reynir á, mikil hækkun, brött, létt klifur, löng.
4. Mjög erfið, krefst mikils úthalds, klifur.